

Forníslenskar málbreytingar og þolmarkalögmálið

Einar Freyr Sigurðsson



STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
í íslenskum fræðum

Iris Edda Nowenstein



**HÁSKÓLI
ÍSLANDS**

Hugvísindaping 2023
Setningafræði eldri og yngri íslensku
Háskóla Íslands

Inngangur

- Nýjungar eru eitt af einkennum barnamáls
- Málbreytingar sem hafa orðið (eða breiðst út) eru oft raktar til máltökuskeiðs barna (sbr. t.d. Lightfoot 1979, Cournane 2015, 2017 og 2019 og Wallenberg 2019)
- Margar breytingar hafa orðið frá forníslensku til nútímamáls
- Ýmsar þessara breytinga má væntanlega rekja til barna sem eru að læra málið

Inngangur

- Ýmsar kenningar hafa verið settar fram um hvernig nýjungar koma upp og breiðast út í máltöku, m.a. þolmarkalögmálið eða virkniþröskuldurinn (e. *Tolerance Principle*, Yang 2016; Sigríður Mjöll Björnsdóttir 2021, Iris Edda Nowenstein 2023)
- Með þolmarkalögmálinu er athugað hversu margar undantekningar mynstur þolir til að það sé virkt og þ.a.l. alhæft
- Lögmálið segir að barn komi sér upp reglu þegar undantekningar frá tilteknu mynstri eru nægilega fáar
- Við skoðum hér beygingarbreytingar sem urðu frá fornu máli til nútímamáls með tilliti til þolmarkalögmálsins

Inngangur

- Verkefnið er á frumstigi
- Breytingarnar sem við skoðum eru þessar:
 - 1 Nefnifall og þolfall fleirtölu hjá a-stofna karlkynsorðum
refar, dalar → *refir, dalir*
 - 2 Þolfall fleirtölu u-stofna karlkynsorða
sonu, fjörðu → *syni, firði*

Aðferð

- Þegar nýjungar eru rannsakaðar þurfum við reyna að gera okkur í hugarlund hvernig málumhverfi barna er
- Það er augljóslega flókið í tilfalli barna sem lærðu forníslensku
- Nálgun okkar: Við vinnum með fornritamálheild sem má sækja á CLARIN-IS (sbr. Eirík Rögnvaldsson og Sigrúnu Helgadóttur 2011)
- Mörkuð málheild, 1,5 milljónir orða
 - Heimskringla
 - Íslendingasögurnar
 - Landnáma
 - Sturlunga
- Athugum fjölda mismunandi nafnorða í tilteknum flokkum (e. *type frequency* en ekki *token frequency*)

Aðferð

- Við leyfum okkur að vinna með þá hugmynd að þessi málheild sé ílag barns á máltökuskeiði (sjá t.d. Kodner 2019)
 - Rétt eins og máltökufraeðingar leyfa sér að vinna með margvísleg gögn sem safnað hefur verið úr málumhverfi barna þrátt fyrir að hafa ekki beinan aðgang að öllu því sem börnin heyra

Polmarkalögmálið

- (1) Ef R er virk regla sem hægt væri að beita á N einingar gildir eftirfarandi samband milli fjöldans N og e , þ.e. fjölda undantekninga sem gætu fylgt reglunni R en gera það ekki: $e \leq \theta_N$, þar sem $\theta_N := N/\ln(N)$
- Ef undantekningarnar eru fleiri eru orðin lærð hvert fyrir sig, án reglu

Polmarkalögmálið

- Þetta þýðir að reglur geta verið virkar þrátt fyrir undantekningar
- Gert er ráð fyrir því að alltaf sé leitast eftir því að hámarka virkni
 - Ef engin virkni finnst með almennari reglum eru sértækari undirreglur myndaðar
- Undantekningar geta verið hlutfallslega fleiri þegar reglan nær til færri eininga

N	θ_N	%
10	4	40,0
20	6	30,0
50	12	24,0
100	21	21,0
200	37	18,5
500	80	16,0
1.000	144	14,4
5.000	587	11,7

Tvær yfirstaðnar breytingar

- 1 Þolfall fleirtölu u-stofna karlkynsorða
sonu, fjörðu → syni, firði
- 2 Nefnifall og þolfall fleirtölu hjá a-stofna karlkynsorðum
refar, dalar → refir, dalir

Tvær yfirstaðnar breytingar

- Almenn athugasemd um leitarniðurstöður: Þrátt fyrir að mismunandi dæmi finnist um t.d. *sonu* (seinni hluti mismunandi samsettra orða, *bóndasonu*, *friðlusonu* ...) teljum við það bara einu sinni

Polfall fleirtölu u-stofna karlkynsorða

- Ýmis orð sem beygðust eins og t.d. *fjörður* í þolfalli fleirtölu (nf.ft. *firðir*, þf.ft. *fjörðu*); sjá t.d. Iversen (1972:61):
 - *bolkr, bolll, borkr, góltr, hōttr, hōttr, háttr, knorr, knōttr, kōttr, loqr, moqr, mōlr, spōnn, svōppr, þrōstr, þōttr, þáttr, vōlr, vōllr, vōndr, vōrðr, vōttr, vōkstr, orrn, óss, áss, friðr, kviðr, kvistr, limr, litr, rétttr, sunr/sonr, tōgr/tigr, verðr, viðr, bjōrn, hjōrtr, jōstr, kjōlr, mjōðr, skjōldr, stjōlr*
- Þessar þolfallsmyndir hættu að vera virkar og hurfu (að langmestu leyti)

Polfall fleirtölu u-stofna karlkynsorða

- Heusler (1931:69) um áhrif *i*-stofna eins og *gestr*
- Sýnir hlutfallsjöfnu (lítillega breytt hér)

(2) nf.ft. *gestir* : nf.ft. *synir*
þf.ft. *gesti* : þf.ft. X; X = *syni*

Polfall fleirtölu u-stofna karlkynsorða

- Björn K. Þórólfsson (1925:22) um i-stofna myndir *limr*, *sonr*, *árr* og *áss* í þf.ft. á eldri málstigum:
„[Þ]essar myndir munu þó ekki vera eldri en frá síðari hluta 13. aldar. Í byrjun 14. aldar hverfur orðið tigr (tugr) inn í flokk i-stofna. [...] Í elstu rímum geta einnig orðinn spónn og vqrðr haft i-stofna fleirtölu: þf. flt. sæni: kæni [...] Annars halda u-stofnar hinni fornu mynd í þf flt. fram yfir 1500.“

Polfall fleirtölu u-stofna karlkynsorða: Athuginin

- Við leitum annars vegar að þolfallsmyndum karlkyns sem enda á *-u/-una* og hins vegar *-i/-ina*
 - 13 dæmi um *-u/-una*: *bóndasonu, fjallvegu, fjörðu, gripuna, háttu, köttuna, kviðu, málavöxtu, skjöldu, stigu, tigu, tréspánu, völlu*
 - 56 dæmi um *-i/-ina*

Polfall fleirtölu u-stofna karlkynsorða: Athuginin

- Við leitum annars vegar að þolfallsmyndum karlkyns sem enda á *-u/-una* og hins vegar *-i/-ina*
 - 13 dæmi um *-u/-una*: *bóndasonu, fjallvegu, fjörðu, gripuna, háttu, köttuna, kviðu, málavöxtu, skjöldu, stigu, tigu, tréspánu, völlu*
 - 56 dæmi um *-i/-ina*
- $56/\ln(56) \approx 13,9$

Nefnifall og þolfall fleirtölu hjá a-stofna karlkynsorðum

- Iversen (1972:46–47):
„Tilknytningen til *i*-stammene viser seg også i nominativ pl., idet vi her i noen ord finner endelsen *-ir* v.s.a. *-ar*; således ved *sigr*, *smiðr*, *stafr*, *vegr*, seinere også *dalr* og *marr*. Tilsvarende ved akkusativ pl., som kan ende på *i*: *stafi*, osv.“

Nefnifall og þolfall fleirtölu hjá a-stofna karlkynsorðum

- Iversen (1972:46–47):
„Tilknytningen til *i*-stammene viser seg også i nominativ pl., idet vi her i noen ord finner endelsen *-ir* v.s.a. *-ar*; således ved *sigr*, *smiðr*, *stafr*, *vegr*, seinere også *dalr* og *marr*. Tilsvarende ved akkusativ pl., som kan ende på *i*: *stafi*, osv.“
- Athyglisvert úr því að nf.ft. *-ar*, þf.ft. *-a* er algengara en nf.ft. *-ir*, þf.ft. *-i*

Nefnifall og þolfall fleirtölu hjá a-stofna karlkynsorðum

- Stofngerð skiptir máli (Noreen 1923, Margrét Jónsdóttir 1988–1989, 1993, Eiríkur Rögnvaldsson 1990, Veturliði Óskarsson 2001) — bæði í fornu máli og nútímamáli
- Margrét Jónsdóttir (1993:nmgr. 10 á bls. 92):
„Til dæmis má nefna að margir stuttstofna *a*-stofnar fóru snemma að mynda fleirtölu með *-ir*.“

Nf.ft. og þf.ft. hjá a-stofna karlkynsorðum: Athuginin

- Við söfnuðum saman dæmum um karlkynsorð í nf.ft. og þf.ft. af orðum sem enda á *-ur* í nf.et. og hafa sérhljóð+samhljóð (VC) næst á undan *-ar/-a* og *-ir/-i*
- Útilokum þá t.d. *bitar* og *hvatar* — þau hafa ekki áhrif á breytinguna (veik beyging; nf.et. *biti*, *hvati*)

Nf.ft. og þf.ft. hjá a-stofna karlkynsorðum: Athuginin

- Ef við tökum niðurstöðurnar saman með einu samhljóði en óháð því hvert sérhljóðið er:
 - *-ar/-a*, 50 niðurstöður
 - *-ir/-i*, 32 niðurstöður

Nf.ft. og þf.ft. hjá a-stofna karlkynsorðum: Athugunin

- Ef við tökum niðurstöðurnar saman með einu samhljóði en óháð því hvert sérhljóðið er:
 - *-ar/-a*, 50 niðurstöður
 - *-ir/-i*, 32 niðurstöður
- Börn á máltökuskeiði alhæfðu ekki *-ir/-i* út frá reglu um VC í stofni óháð lengd sérhljóðsins
- Til viðbótar má nefna að í málheildinni eru fjölmörg dæmi um VCC í stofni með *-ar/-a*
 - Of mörg til að börn færu að alhæfa *-ir/-i* í slíku umhverfi

Nf.ft. og þf.ft. hjá a-stofna karlkynsorðum: Athugunin

- Ef við tökum hins vegar niðurstöðurnar saman með einu stuttu sérhljóði og einu samhljóði (stuttur stofn):
 - *-ar/-a*, 10 niðurstöður
 - *dagar, dalar, gripar, guðar, hagar, melar, selar, smiðar, vegar, Vogar*
 - *-ir/-i*, 26 niðurstöður
 - *beðir, bugir, dalir, Gramir, gripir, guðir, hagir, hlutir, hugir, hvali, Kilir, kviðir, limir, munir, refir, selir, siðir, smiðir, staðir, stafir, synir, tigur, vefir, vegir, viðir, vinir*

Nf.ft. og þf.ft. hjá a-stofna karlkynsorðum: Athugunin

- Ef við tökum hins vegar niðurstöðurnar saman með einu stuttu sérhljóði og einu samhljóði (stuttur stofn):
 - *-ar/-a*, 10 niðurstöður
 - *dagar, dalar, gripar, guðar, hagar, melar, selar, smiðar, vegar, Vogar*
 - *-ir/-i*, 26 niðurstöður
 - *beðir, bugir, dalir, Gramir, gripir, guðir, hagir, hlutir, hugir, hvali, Kilir, kviðir, limir, munir, refir, selir, siðir, smiðir, staðir, stafir, synir, tigur, vefir, vegir, viðir, vinir*
- $26/\ln(26) \approx 7,98$

Samantekt

- Búast má við báðum breytingum, *fjörðu* → *firði* (þolfall fleirtölu u-stofna karlkynsorða) og *dalar* → *dalir* (nefnifall og þolfall fleirtölu hjá a-stofna karlkynsorðum), miðað við greiningar á virkni út frá þolmarkalögmálinu
- Í báðum tilfellum eru undantekningar rétt í kringum þolmörk virkninnar, sem bendir til kjöraðstæðna fyrir breytileika málhafa (barna) á milli eftir samsetningu orðaforða
 - Gera má ráð fyrir því að reglurnar um *-ir+ -i* hafi verið virkar hjá sumum málhöfum en ekki öðrum og virknin smám saman breiðst út

Samantekt

- Polmarkalögmálið er kenningarammi sem gerir okkur kleift að skýra hvers vegna breytingar verða ekki alltaf í áttina að meirihlutamynstrum, þrengri reglur geta laðað til sín nýjar einingar í réttu samhengi og þrátt fyrir undantekningar
 - Í frekari rannsóknum: Nauðsynlegt að bera saman við aðrar kenningar um virkni